

Umsagnir við frumvarp til breytinga á lögum um fullnustu refsinga.

Minnisblað þetta er unnið að beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, sbr. tölvupóst dags. 23. maí 2024 sama dag og frumvarp til breytinga á lögum nr. 15/2916 um fullnustu refsinga var kynnt nefndinni. Umsagnarfresti vegna málsins hjá allsherjar- og menntamálanefnd lauk 13. maí sl.

Tvær umsagnir bárust, frá Afstöðu, félagi fanga á Íslandi og embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Afstöða, félag fanga á Íslandi

Í umsögn Afstöðu kemur fram að félagið fagni lengingu samfélagsþjónustu en tekur jafnframt fram að frumvarpið bæti ástandið í málaflokknum aðeins um stuttan tíma. Þörf sé á heildarendurskoðun á lögnum um fullnustu refsinga auk þess sem taka þurfi á málum eins og endurkomutíðni, biðlistum og fleiru.

Dómsmálaráðuneytið tekur undir þetta með Afstöðu en síðan umsögn félagsins var skrifuð hefur verið farið af stað með heildarendurskoðun í málaflokkum, þar sem stefnt er á að gera stöðumat og valkostagreiningu í formi grænbókar. Í framhaldinu verður svo unnin stefna í formi hvítbókar þar sem settar verða fram tillögur til úrbóta í málaflokknum og að lokum er stefnt á nýtt frumvarp um fullnustu refsinga.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Í umsögn lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðisins eru ekki gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins. Hins vegar kemur lögreglustjórinn á framfæri tillögu að breytingu á lögum um fullnustu refsinga með það að markmiði að gera störf lögreglu skilvirkari. Tillagan lýtur að því að gera lögreglustjórum heimilt að ráða til starfa fangaverði í starfsemi lögreglu en nú sé slíka heimild aðeins að finna til handa fangelsismálayfirvöldum sbr. 8. gr. laga um fullnustu refsinga. Í umsögn lögreglustjórans er því nánari lýst hvaða rök eru að baki þessari tillögu.

Dómsmálaráðuneytið tekur undir með lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu að nauðsynlegt sé að fara yfir heimildir þeirra sem starfa í fangageymslum lögreglu í því skyni að nýta mannafla lögreglu á sem skilvirkastan hátt. Valdheimildir fangavarda og heimildir þeirra til að leita eru þó bundnar við fangelsi og þá sem eru skilgreindir sem fangar samkvæmt fullnustulögum og þeirra sem þurfa að heimsækja í fangelsi. Áður en ákvæði 8. gr. fullnustulaga verður breytt er nauðsynlegt að fara vel yfir þessar heimildir sem nú eru til staðar og að hvaða leyti þær gætu mögulega færst yfir til annarrar starfsemi. Leggur ráðuneytið því til að þetta verði meðal þess sem skoðað í þeirri vinnu sem farin er af stað við endurskoðun í fullnustumálum.